

## TIL GAMANS.

*Auðvitað.* — Á sjúkrahúsi nokkru fyrir geðveika voru karl-mennir einu sinni sem oftar að saga við í eldinn. Gæslumanninum fanst, að gamall fri í hópnum gerði ekki eins mikil og hann ætti. Gamlí maðuriinn hafði snúið söginni sinni við, létt tennurnar snúa upp og sagaði með bakkanum. — „Heyrðu, maður! Hvað ertu að gera?“ — kallaði hann til hans. „Þú sagar ekki við með þessu móti. Snúðu við söginni þinni.“

Írinn hætti og horfði til hans með afskaplegri fyrirlitningu og spurði: „Hefur þú nokkurn tíma sagað á þennan hátt, karl munn?“ — „Nei, auðvitað ekki!“ — „Hana þá! Haltu þér þá saman, maður! Eg hef gert það. Og eg hef reynt, að það er lang-auðveldast.“

*Rangeygð nál.* — Matta litla, 4 ára gömul telpa, var að læra að sauma. Hún var lengi búin að sitja við að reyna að þræða nálina. Þá kallar hún til mömmu sinnar og segir: „Mamma, er ekki gatið á nálinni kallað auga?“ — „Jú, gæskan mínn!“ — „Þá er þessi óhræsis gamla nál áreiðanlega rangeygð, mamma.“

*Engin furða.* — Hann: „Föður mínum stendur á sama, hvað mikil sem rignir.“ — Hún: „Einmitt það! Svo regn á við hann?“ — Hann: „Já, því hann býr til regnhlífar.“

---

Kirkjuþing 21. Júní, byrjar með guðspjónustu í kirkjunni á Mountain kl. hálf-ellefu f. m.

Sunnudagsskólaping og bandalagsþing á þeim dögum, er til voru teknir á kirkjuþinginu í fyrra.

---

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam“, hálf örkl. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

---

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaðr „Sam“ og „Barnanna“. Einnig gegnir hann féhirðisstörfum fyrir kirkjufelagið, og sé honum greidd öll tillög í sjóð félagsins.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man., Canada.